

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/1050*  
*komudagur 13.2.2014*

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND  
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

HVERFISGÖTU 105  
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200  
FAX 545 1212  
Netfang ns@ns.is  
www.ns.is

Reykjavík, 13. febrúar 2014


**Umsögn um þingsályktunartillögu um umferðarljósamerkingar á matvæli, 212. mál.**

Í greinargerð með þessari tillögu kemur m.a. fram að „skiljanlegar og aðgengilegar upplýsingar um næringargildi matvæla eru afar mikilvægar fyrir neytendur og auðvelda þeim að taka upplýsta ákvörðun“. Jafnframt er vísað í norræna könnun þar sem m.a. 1.000 Íslendingar voru meðal svarenda og var niðurstaðan sú að yfirgnæfandi meiri hluti kaus myndir og merki í stað texta. Það er því ljóst hvaða matvælamerkingar henta neytendum best.

Einnig kemur fram í greinargerðinni að Skráargatið sem nú hefur verið tekið upp hér á landi er hollustumerki, þ.e. að eingöngu hollustu vörunar í hverjum vöruflokki má merkja með því merki. „Umferðarljósamerkingar eru ekki hollustumerki heldur merkingar um næringargildi matvæla og eru merkin notuð á allar tegundir matvæla.“

Neytendasamtökin taka undir þessi rök sem og greinargerðina með tillögunni í heild sinni og hvetja því eindregið til samþykktar tillögunnar. Jafnframt telja samtökin mikilvægt að verði tillagan samþykkt þá verði gert skylt að nota þessar merkingar á öll matvæli þar sem líklegt er að framleiðendur á óhollum vörum myndu ella ekki merkja vörur sínar með umferðarljósamerkingum.

Virðingarfyllt,  
f.h. Neytendasamtakanna,

  
Jóhannes Gunnarsson, formaður